

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Heimasíða: www.nel.is

Skýrsla nefndar um eftirlit með lögreglu

Árið 2025

Reykjavík, 23. janúar 2026

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	2
2.	Skipun nefndarinnar	2
3.	Hlutverk nefndarinnar.....	3
3.1	<i>Störf nefndarinnar</i>	3
4.	Starfsemi nefndarinnar.....	4
4.1	<i>Fjöldi mála</i>	4
4.2	<i>Málsmeðferð nefndarinnar</i>	5
4.3	<i>Embætti sem mál varðar</i>	7
4.4	<i>Málsmeðferðartími</i>	8
4.5	<i>Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2025</i>	8
4.6	<i>Frumkvæðisathuganir</i>	9
5.	Yfirlit um starfsemi ársins 2025	9
5.1	<i>Skipulag og starfsaðstaða</i>	9
5.2	<i>Yfirlit yfir fundi nefndarinnar</i>	9
5.3	<i>Fjármál nefndarinnar</i>	10

1. Inngangur

Nefnd um eftirlit með lögreglu tók til starfa þann 1. janúar 2017, við gildistöku laga nr. 62/2016, um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996. Megintilgangur nefndarinnar er að auðvelda almennum borgurum að koma á framfæri kvörtunum vegna starfsaðferða eða framkomu lögreglu og kærur á hendur lögreglumönnum fyrir ætluð refsiverð brot. Þannig þurfi almennir borgarar ekki að vera í vafa hvert eigi að leita með aðfinnslur við störf lögreglu þó að jafnframt sé hægt að koma þeim að hjá lögregluembættum landsins sem og héraðs- og ríkissaksóknara.

Nefndin hefur nýlega lokið áttunda starfsári sínu og almennt hefur starfsemin gengið vel. Er sú skýrsla sem birtist hér jafnframt sjöunda ársskýrsla nefndarinnar. Nefndin hefur aðsetur í Borgartúni 29 og hefur haft lögfræðing í fullu starfi frá 1. janúar 2018. Þá hafði nefndin tvo lögfræðinga í fullu starfi frá 1. mars og fram í júní. Frá 1. október til loka árs var nefndin með eitt og hálf stöðugildi lögfræðings. Símatími lögfræðings nefndarinnar er alla mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10:00 til 11:00. Heimasíða nefndarinnar er; www.nel.is.

2. Skipun nefndarinnar

Samkvæmt 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016, er nefnd um eftirlit með lögreglu skipuð með eftirfarandi hætti:

„1. Ráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með störfum lögreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er ekki unnt að skjóta ákvörðunum hennar til æðra stjórnvalds.

2. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Nefndarmenn skulu hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði. Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefnir einn nefndarmann, Lögmannafélag Íslands annan en ráðherra skipar þann þriðja án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður ræður starfsmenn eftirlitsnefndar. Ráðherra ákveður laun og önnur starfskjör nefndarmanna.“

Aðalmenn í nefndinni árið 2025 voru eftirtaldir: (1) Margrét Einarsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, tilnefnd af ráðherra og formaður nefndarinnar, (2) Flosi Hrafn Sigurðsson, tilnefndur af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Kristín Edwald lögmaður, tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Varamenn eru eftirtaldir: (1) Hafsteinn Dan Kristjánsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, tilnefndur af ráðherra og er varaformaður nefndarinnar, (2) Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður, tilnefnd af Mannréttindaskrifstofu Íslands, og (3) Elimar Hauksson lögmaður, tilnefndur af Lögmannafélagi Íslands.

Nefndarmenn sinna nefndarstörfum samhliða öðrum störfum sínum og eru allir nefndarmenn í fullri vinnu annars staðar. Nýr formaður tók við þann 1. mars 2025.

3. Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndar um eftirlit með lögreglu felast í að taka við kærur á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra, taka til meðferðar kvartanir vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanna sem fara með lögregluvald; og taka atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til. Nefndin skal taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Nefndin hefur engar rannsóknarheimildir en hefur þó víðtækar heimildir til að afla gagna frá handhöfum ákærvalds og lögregluembættum landsins, sbr. 5. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 1. gr. laga nr. 62/2016. Samkvæmt ákvæðinu er ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjórur, þ.m.t. ríkislögreglustjóra, skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum. Nefndin hefur ekki heimildir til að hlutast til um niðurstöðu mála eða meðferð þeirra hjá þeim embættum sem fara með þau.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

3.1 Störf nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu setti sér starfsreglur árið 2017 sem voru síðar aðlagðar í samræmi við aukna greiningarvinnu og breytta starfshætti nefndarinnar í október 2019.

Þegar nefndinni berst erindi, sbr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, staðfestir starfsmaður nefndarinnar móttöku og kannar hvort efni þess sé fullnægjandi til þess að nefndin geti tekið ákvörðun, og óskar eftir atvikum eftir viðbótargögnum og -skýringum. Kannað er hvort rannsóknarhagsmunir krefjist þess að sönnunargögn hjá viðkomandi embættum verði varðveitt og ef svo er gerir nefndin viðeigandi ráðstafanir og sendir beiðni um afhendingu gagna og varðveislu sönnunargagna. Nefnd um eftirlit með lögreglu leggur mikið upp úr að gagnaöflun, greining og ákvarðanir einkennist af nákvæmni og endurspegli vönduð vinnubrögð. Þegar nefndin hefur aflað allra viðeigandi gagna frá ákærvaldi- og löggæsluembættum, þar með taldar upptökur, þar sem þær eru að finna í upplýsingakerfum lögreglu, greinir nefndin erindið og fyrirleggjandi gögn.


Þegar nefndin hefur tekið ákvörðun er hún kynnt kvartanda og viðkomandi lögregluembætti með ósk um að embættið kynni eftir atvikum viðkomandi lögreglumönnum niðurstöðuna. Hafi nefndin vísað máli til þóknanlegrar meðferðar til ákærvalds- eða löggæsluembættis, fylgist hún með afdrifum málsins, meðal annars því að hinn þriggja mánaða tímafrestur sem tilgreindur er í reglum nr. 222/2017 sé virtur. Nefndin innir embætti eftir niðurstöðu, að jafnaði, innan 10

daga frá því að þriggja mánaða tímafresturinn er liðinn. Þegar niðurstaða embættis liggur fyrir er lagt mat á hvort tilefni sé til frekari viðbragða af hálfu nefndarinnar, þá í formi sérstakrar ákvörðunar. Að málsmeðferð lokinni er tilkynnanda og viðkomandi embætti tilkynnt um málalýktir nefndarinnar með formlegum hætti.

4. Starfsemi nefndarinnar


4.1 Fjöldi mála

Árið 2025 komu samtals 125 mál til meðferðar nefndar um eftirlit með lögreglu. Fjöldi innkominna mála skiptist með eftirfarandi hætti á milli mánaða¹:



Hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda innkominna mála frá stofnun nefndarinnar 2017 til 2025.


¹ Mála fjöldi í júlí og ágúst 2025 skýrist af sumarleyfi starfsmanns nefndarinnar í júlí. Mál sem bárust nefndinni á þeim tíma voru skráð í ágúst.



4.2 Málsmeðferð nefndarinnar




Á myndinni hér að framan er tíundað hve margar kvartanir og kærur bárust nefndinni, hversu margar ákvarðanir voru teknar um að framsenda mál, hversu mörg mál nefndin lauk umfjöllun um, hversu mörg frumkvæðismál nefndin tók upp og hversu mörgum slíkum málum nefndin lauk umfjöllun um.




Hér má sjá afdrif þeirra mála sem tekin voru til umfjöllunar og ákvörðunar á fundum nefndarinnar árið 2025. Þau mál sem nefndin sendi ekki áfram til þóknanlegrar meðferðar eru alls 108 á móti 10 málum sem send voru til frekari meðferðar. Í 10 málum beindi nefndin tilmælum til embætta. Til skýringar skal nefnt að ef mál varðar lögreglumann hjá tilteknu lögreglustjóraembætti og mögulega er um refsivert athæfi að ræða, þá er það mál sent héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar sbr. a. lið 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga. Engu máli var vísað í slíkan farveg á árinu. Ef mál er ekki refsímál, heldur agamál, er það sent þeim lögreglustjóra sem er yfirmaður viðkomandi lögreglumanns til þóknanlegrar meðferðar sbr. b. lið sömu greinar. Í þeim málum sem nefndin beinir tilmælum til embætta, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, heldur mál þar sem nefndin telur þörf sé á að verklag sé yfirfarið eða koma með ábendingar, til að tryggja að samskonar atvik eða aðstæður sem til skoðunar eru, endurtaki sig ekki. Þá sendi nefndin einnig í tveimur málum tilkynningu til OPCAT-eftirlit vegna óviðunandi aðstæðna frelsissviptra aðila í fangageymslu lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu. Þær tilkynningar leiddu m.a. til þess að umboðsmaður Alþingis heimsótti fangageymsluna og gaf út skýrslu með tilmælum og ábendingum til embættisins.²

² Skýrsla umboðsmanns Alþingis um fangageymsluna á lögreglustöðinni við Hverfisgötu

4.3 Embætti sem mál varða




Hér má sjá yfirlit yfir þau embætti sem innkomin mál féllu undir. Tölur sem varða hvert embætti lýsa því hvar viðkomandi starfsmaður var starfandi sem kvartað var yfir eða eftir atvikum lögð fram kæra vegna.



Hér má sjá að nefndin sendi tíu mál áfram til þóknanlegrar meðferðar hjá embættum. Þannig voru fjögur mál send áfram til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, tvö til lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, eitt til lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, eitt til lögreglustjórans á Suðurlandi og eitt til ríkislögreglustjóra.


4.4 Málsmeðferðartími

Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu, skal nefndin hraða meðferð máls eins og kostur er og að jafnaði ljúka meðferð þess innan mánaðar frá móttöku erindis. Meðalmálsmeðferðartími ársins 2025 var 197 dagar samanborið við 282 daga á árinu 2024. Miðgildi ársins 2025 var 139 dagar en 262 dagar árið áður.



Málsmeðferðartíminn stjórnast að meginstefnu til af því hversu langan tíma það tekur embættin að afhenda nefndinni umbeðin málsgögn. Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum nefndarinnar er í því ljósi óraunhæft að ná málsferðartímanum niður í einn mánuð.

4.5 Málum lokið frá stofnun nefndarinnar til ársins 2025



Á árinu 2025 lauk nefndin meðferð 171 mála og er þar um að ræða 40% aukningu frá 2024 þegar nefndin lauk meðferð 122 mála. Frá árinu 2023 til 2024 var um 37% aukningu að ræða.

4.6 Frumkvæðisathuganir

Neðangreind tafla gerir grein fyrir þeim fjölda mála sem nefndin ákvað að taka til athugunar að eigin frumkvæði. Frumkvæðisathuganir nefndarinnar varða misjöfn atriði/atvik, stór sem smá. Athuganirnar eru til þess fallnar að veita verklagi og störfum lögreglu aukið aðhald og rými til bóta. Á árinu hóf nefndin frumkvæðisathugun í kjölfar svokallaðs PPP-máls og kallaði eftir upplýsingum og gögnum frá öllum embættum með bréfi dags. 16. maí 2025. Megininntak athugunarinnar er m.a. gagnaöryggi hjá embættunum og hvernig eftirliti með því er háttað. Málið er í vinnslu hjá nefndinni og stefnt er að því að ljúka þeirri athugun snemma árs 2026.



5. Yfirlit um starfsemi ársins 2025

5.1 Skipulag og starfsaðstaða

Heimasíða nefndarinnar er á slóðinni www.nel.is og er þar að finna helstu upplýsingar um nefndina. Í lok árs færði nefndin heimasíðu sína yfir til stafræns Íslands og er þar hægt að senda tilkynningar til nefndarinnar í gegnum stafrænt eyðublað.

Hægt er að hafa samband við nefndina með því að senda tölvupóst á nel@nel.is. Nefndin hafði aðsetur að Borgartúni 29 á árinu 2025, en fyrirhugaðir eru flutningar í nýtt húsnæði á nýju ári. Nefndin bauð sem fyrr upp á símatíma við lögfræðing nefndarinnar (milli kl. 10 og 11 mánudaga og fimmtudaga).

5.2 Yfirlit yfir fundi nefndarinnar

Formlegir fundir nefndarinnar á árinu 2025 voru samtals 15. Nefndin tók 134 ákvarðanir á starfsárinu og kom þeim til meðferðar innan lögreglu eða ákærvalds eftir því sem við átti. Er hér um að ræða talsverða fjölgun samanborið við 70 ákvarðanir sem voru teknar árið 2024 og 52 ákvarðanir 2023. Nefndin fjallaði þar að auki um 37 mál sem hún fékk til skoðunar eftir að meðferð þeirra lauk hjá lögreglu eða ákærvaldi.

5.3 Fjármál nefndarinnar

Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna. Allir aðalmenn í nefndinni vinna að verkefnum hennar í hlutastarfi á grundvelli fastrar þóknunar. Föst þóknun formanns á mánuði er um 304.800 kr. og er þar um heildarlaun að ræða. Aðrir aðalmenn í nefndinni fá helming þeirrar þóknunar. Formaður hefur samkvæmt lögum það hlutverk að ráða starfsmenn nefndarinnar og eru starfsmannamál og daglegur rekstur því í meira mæli á hans herðum en annarra nefndarmanna. Þar sem starfsmaður er aðeins einn þá hefur það jafnframt verið hluti af verkefnum formanns að hafa innsýn í skipulag og gang verkefna hjá starfsmanninum og taka beinan þátt í skrifum bréfa og ákvarðana. Varamenn fá greidda þóknun fyrir þá fundi sem þeir sækja.

Heildarkostnaður vegna reksturs nefndarinnar árið 2025 nam 34.702.032 kr. Stærstur hluti kostnaðarins voru laun og launatengd gjöld, en samtals nam sá kostnaðarliður á árinu 30.126.397 kr. Var þar um að ræða laun og launatengd gjöld fyrir fasta starfsmenn nefndarinnar ásamt launum nefndarmanna. Annar kostnaður var um 4 m. kr. Þar var um að ræða kostnað vegna leigu á skrifstofu, afnotagjöld vegna hýsingar á vefsíðu nefndarinnar og annars tilfallandi kostnaðar vegna skrifstofubúnaðar.

Reykjavík,

23. janúar 2026

Margrét Einarsdóttir

formaður

Kristín Edwald

Flosi Hrafn Sigurðsson